

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 15. nóvember 2018

1811027SA GB/bg
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frv.um rafræna birtingu á álagningu skatta og gjalda

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 25. október sl., þar sem kallað var eftir umsögnum um ofangreint þingmál.

Frumvarpið er liður í stefnu ríkisstjórnarinnar í að efla rafræna stjórnslu og fjölbreyttari möguleika á sjálfsafgreiðslu fyrir aðila, m.a. á þjónustugáttinni Ísland.is. Í frumvarpinu er lagt til að ýmsum lögum á sviði skattamála verði breytt þannig að í þeim verði kveðið skýrt á um heimild opinberra aðila til að birta skattþegnum tilkynningar um álagningu skatta og gjalda á rafrænan hátt. Réttaráhrif birtingar á rafrænu formi verði þau að þegar tilkynning um álagningu er birt á rafrænu svæði telst birting hafa átt sér stað.

Í frumvarpinu er kveðið á um heimild til sveitarfélaga til að tilkynna um álagningu fasteignaskatts rafrænt og styður sambandið umrædda breytingu og möguleika til aukinnar rafrænnar stjórnslu.

Sambandið vill þó ítreka umsögn sína vegna frumvarps til laga um Þjóðskrá Íslands frá 148. löggjafarþingi (339. mál) en þar var bent á að frumvarpið skorti ákvæði um miðlæga, rafræna upplýsinga- og þjónustuveitu (Ísland.is) en slíkt ákvæði hafði verið til umfjöllunar á fyrri stigum málsins. Slík miðlæg rafræn upplýsinga- og þjónustuveita myndi styðja við að opinberir aðilar geti sameinast um að birta skjöl, sem annars hefðu þurft að senda í bréfpósti, í sameiginlegu rafrænu pósthólfi á Ísland.is. Umrædd umsögn er meðfylgjandi.

Í greinargerð með fyrirbyggjandi frumvarpi kemur fram að í 20. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 komi fram svokölluð birtingarregla, þ.e. að birta beri aðila máls efni ákvörðunar sem bindur enda á stjórnslumál en ekki er tilgreindur birtingarháttur og því ráðist hann af formi ákvörðunar. Segir síðan að þar sem ákvarðanir um álagningu skatta og gjalda eru taldar íþyngjandi séu þær jafnan tilkynntar skriflega hvort sem kveðið er á um slíkan birtingarhátt í sérlögum eður ei. Því er talið tilefni til að taka skýrt fram í lögum að heimilt sé að birta ákvörðun um álagningu skatta rafrænt.

Rétt þykir að vekja athygli á því að í IX. kafla stjórnslulaga er fjallað um rafræna meðferð stjórnslumála. Í 36. gr. er sérstaklega tekið fram að þegar sett lög, almenn stjórnvaldsfyrirmæli eða venjur áskilja að gögn til aðila máls eða stjórnvalds séu skrifleg skulu gögn á rafrænu formi talin fullnægja þessum áskilnaði, enda séu þau tæknilega aðgengileg móttakanda þannig að hann geti kynnt sér efni þeirra, varðveitt þau og framvísað þeim síðar.


Til þess að rafræn stjórnslu náí festu hér á landi og sé raunhæfur kostur í öllum tegundum stjórnslumála er mikilvægt að stjórnslulögin séu skýr og ekki þurfi að

taka fram í sérlögum hvort heimilt sé að birta ákvörðun rafrænt eða ekki. Í ljósi þess að nú er talin þörf á að setja sérstaklega í lög að heimilt sé að birt álagningu skatta rafrænt vaknar sú spurning hvort sérstaklega þurfi að taka slíkt fram varðandi aðrar stjórnvaldsákvarðanir. Kaflinn um rafræna meðferð stjórnsýslumála kom inn í stjórnsýslulögín árið 2003 og af lögskýringagögnum má álykta að um málamiðlun er að ræða þar sem ekki er skýrt hvort rafræn stjórnsýsla eigi að vera val stjórnsýslunnar eða aðila er leita til hennar.

Með hliðsjón af þeim tækniframförum er átt hafa sér stað á síðustu 15 árum og þeim möguleikum er rafræn stjórnsýsla bíður upp á í dag er lagt til að forsætisráðuneytið hefji endurskoðun á stjórnsýslulögum svo skýrt sé að allar stjórnvaldsákvarðanir megi birta rafrænt og að ekki þurfi að tilgreina slíkt sérstaklega í öðrum lögum.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Guðjón Bragason

Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs